

Slitlög - Malbik, áfangaskýrsla 2016 - Apríl 2017. Pétur Pétursson, PP ráðgjöf.

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður malbiksraunanna ársins 2016 og er gerður samanburður við fyrri raunir þegar það á við. Fjallað er um þrjú verkefni í skýrslunni, samanburðarprófanir á hjólfaramyndun í íslensku og norsku malbiki, átak til að innleiða prófanir á filler-eiginleikum í malbiki og könnun á notkun hitamyndavéla við útlögn malbiks.

Í þeim hluta sem snýr að samanburði á hjólfaramyndun í íslensku og norsku malbiki var haldið áfram að bera saman niðurstöður mælinga í íslensku hjólfaramælitæki og sambærilegum norskum tækjum. Í fyrri áfanga hafði komið fram að meiri hjólför mældust í íslenska tækinu en í sambærilegu norsku, þó svo hitastigið við mælingar hafi verið lægra hér. Sambærilegar niðurstöður koma út úr áfanga þessa árs án þess að hægt sé að benda á einhlítar skýringar. Í framhaldi af þessu hefur verklagsreglum við gerð sýna héraðs þó verið breytt þannig að ákvæðum prófunarstaðalsins varðandi undirbúning sýna er fylgt betur eftir.

Vegna prófana á filler-eiginleikum voru fengin sýni frá tveimur stærstu malbiksframleiðendum á höfðuborgarsvæðinu og var rúmpyngd og holrýmd þeirra mæld. Í skýrslunni er greint er frá niðurstöðum þessara mælinga og ýmis konar samanburður birtur. Í tengslum við verkefnið var sendur spurningalisti á evrópska tengiliði um prófanir á filler. Svör voru fremur dræg, en þau sem bárust sýna að gerðar eru kröfur um að fylgst sé með fillereiginleikum í viðkomandi landi. Í skýrslunni kemur fram sú skoðun að full ástæða sé til að kanna eiginleika fillers í malbik héraðs og setja kröfur um þá.

Í þeim hluta sem sneri að könnun á notkun hitamyndavéla var markmiðið að auðvelda ákvarðanatöku um að innleiða notkun slíkrar tækni. Í þessum áfanga var lögð áhersla á að taka myndir í malbiksverki sem er komið í fullan gang, en í fyrri áfanga höfðu myndir verið teknar í upphafi verks. Í skýrslunni eru birtar myndir sem voru teknar og fram kemur að almennt virðist hitadreifing í malbiki undan útlagnarvél vera nokkuð jöfn og góð, en í sumum tilvikum er mikill hitamunur á sniglum og skúffu útlagnavéla og ekki síður á ytra byrði flutningavagna.